

23. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 28. janúar 2010 kl. 10:30. Mættir: Stefán Logi Haraldsson, Emma Eypórsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Lilja Jóhannesdóttir, Þórhallur Bjarnason, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Ásmundur Einar Daðason (HLP varamaður), Haraldur Benediktsson og Jón Torfi Jónasson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð 22. fundar ráðsins. Samþykkt samhljóða.

2. Próun mála frá síðasta fundi ráðsins.

ÁS fór yfir þau atriði sem hafa verið efst á baugi í starfi skólans frá síðasta fundi háskólaráðs. Þar kom m.a. fram:

- Um áramót voru lögð niður 9 störf og búrekstur skólans færður yfir í einkahlutafélag, Grímshaga ehf.
- Vinnu við könnun á fýsileika þess að sameina LbhÍ og HÍ er lokið. Ekki verður unnið frekar að sameiningu en rektorar skólanna hafa ákveðið að leggja aukna áherslu á samstarf á grundvelli samstarfssamnings.
- Fjárveiting til LbhÍ var hækkuð um 70 mkr. við afgreiðslu fjárlaga 2010, verður 570,3 mkr.
- LbhÍ tók við rekstri Nova, norræna háskólanetsins frá 1. jan sl. Verkefnið skapar u.þ.b. 2 störf hjá LbhÍ.
- Landgræðsluskólinn hefur formlega verið samþykktur sem hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna.
- Rit LbhÍ Icelandic Agricultural Science er komið inn í Web of Science og þar með orðið ISI rit eftir fjögurra ára umsóknaferli og verður það að teljast mjög merkilegur áfangi
- Búið er að tengja hitaveituna á Reykjum við borholu á jörðinni sem skólinn hefur ekki nýtt áður. Með því er aftur komið á rekstraröryggi í veituna sem verið hefur í ólestri frá jarðskjálftunum 2008.

3. Fjármál og rekstur.

Rekstur 2009 og áætlun 2010. ÞTJ lagði fram og skýrði helstu niðurstöður rekstrarársins 2009. Uppgjöri er ekki lokið en horfur er á að rekstrarafgangur verði uþb 30 mkr. Þá var lögð fram rekstraráætlun ársins 2010 sem gerir ráð fyrir 5,5 mkr. rekstrarafgangi. Miklar breytingar eru á rekstrinum milli ára, m.a. vegna yfirfærslu búrekstrar yfir í einkahlutafélag og annarra hagræðingaraðgerða sem unnið hefur verið að. Áætlunin samþykkt samhljóða.

Ársskýrsla til Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytis. Lögð fram skýrsla LbhÍ til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis en LbhÍ ber að skila slíkri skýrslu árlega vegna samnings um fjármagn til rannsókna. Þar kemur m.a. fram umfang rannsóknaverkefna eftir fagflokki og að fjárhagslegt umfang rannsókna var samtals 661,3 mkr. á árinu 2009. Skýrslan var staðfest af ráðinu og er tilbúin til kynningar fyrir ráðuneytið.

Samningur við Grímshaga ehf. Lagður fram til kynningar samningur LbhÍ við Grímshaga ehf en félagið tók við búrekstri LbhÍ þann 1. janúar sl. Í umræðum kom m.a.

fram að nauðsynlegt er að réttindi og skyldur ábúanda séu skýrar í samningum og að meta þurfi hvort ekki sé eðlilegt að Grímshagi ehf hafi ábúð skv. ábúðalögum. Einnig að mikilvægt að endurskoðun á samningnum geti farið fram strax eftir fyrsta árið.

4. Önnur mál.

Doktorsnám. Á fundinn kom Björn Þorsteinsson aðstoðarrektr kennslumála og skýrði viðurkenningarferli fyrir doktorsnámi en LbhÍ hefur fengið formlega viðurkenningu á doktorsnámi sínu og þar með heimild til að útskrifa doktora.

Ársfundur LbhÍ verður verður 12. mars, dagskrá liggur ekki fyrir en áhersla fundarins verður á innri mál skólans, starf og stefnu.

Fundaáætlun ársins. Næsti fundur háskólaráðs er ákveðinn þann 25. mars á Reykjum. Aðrir fundir ársins verða 27. maí, 28. október og 16. desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40.